



Borgarráð

Reykjavík, 30. apríl 2025

MSS25020096

Úthlutun úr hverfissjóði Reykjavíkurborgar

Hverfissjóður Reykjavíkurborgar tekur við umsóknum tvisvar á ári, frá 15. mars til 15. apríl og frá 15. september til 15. október. Opið var fyrir umsóknir í hverfissjóð frá 15. mars til 15. apríl 2025. Alls bárust 74 umsóknir. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir umsagnir vegna styrkbeiðna og metur hæfi þeirra út frá lögum og reglum sem við eiga hverju sinni, sbr. 8. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs.

Óskað er eftir að borgarráð taki til afgreiðslu styrkumsóknir úr hverfissjóði í samræmi við 8. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs.

Virðingarfyllt,
Guðrún Elsa Tryggvadóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt:

1. Úthlutunarreglur hverfissjóðs.
2. Styrkumsóknir ásamt fylgiskjölum.



Reykjavík



Hverfissjóður Reykjavíkurborgar

Úthlutunarreglur

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla félagsauð, samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum Reykjavíkurborgar, stuðla að fegrun hverfa, auknu öryggi og auðgun mannlífs með fjölbreyttum hætti þannig að tekið sé mið af þörfum íbúa. Sjóðurinn styrki einkum hverfisbundin félagasamtök, íbúa og aðra þá sem vilja leggja sitt af mörkum og standa fyrir hverfistengdum verkefnum/viðburðum með framangreind markmið til hliðsjónar.

2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir til hverfistengdra verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins, sbr. 1. gr. Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá getur borgarráð sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

3. gr.

Sjóðnum skal skipt á milli hverfa til úthlutunar. Skipting fjármagns milli hverfa verði á þann hátt að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda. Fyrir nánari útlistun á skiptingu fjármagns er vísað til töflu í fylgiskjali með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Við úthlutun skal tekið mið af skiptingu fjármagns milli hverfa. Alla jafna skal hvert verkefni ekki hljóta hærri styrk en nemur 30% af heildarfjármagni þess hverfis sem umsókn er vísað til.





5. gr.

Við mat á umsóknum skal litið til ávinnings áætlaðs verkefnis fyrir hverfið. Leitast skal við að styrkja verkefni sem nýtast öllum eða stórum hluta íbúa hverfisins, stuðla að þátttöku fjölbreyttra hópa í mannlífi hverfisins eða miða að fegrun eða uppbyggingu svæða sem nýtast stórum hluta íbúa.

6. gr.

Verkefni sem falla að tilgangi sjóðsins og varða umhverfismál, þ.a.m. gróðursetningu blóma eða trjáplantna í borgarlandið, skal styrkja með úthlutun plantna, gróðurmoldar auk annarra nauðsynlegra efna frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar þegar því verður við komið. Áður en umsókn um styrk til gróðursetningar í borgarlandið er samþykkt skal fara fram samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Umsóknartímabil sjóðsins er tvisvar á ári frá 15. mars til 15. apríl og frá 15. september til 15. október. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ber ábyrgð á utanumhaldi styrkumsókna og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir umsagnir vegna styrkbeiðna og metur hæfi þeirra út frá lögum og reglum sem við eiga hverju sinni. Borgarráð tekur ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum. Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

9. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins launakostnaðar til handa umsækjanda, en undir það falla t.a.m. umsóknir vegna endurtekinna viðburða á borð við námskeið eða reglulegar sýningar. Greinin kemur ekki til skoðunar sé eingöngu um að ræða þrjá viðburði eða færri. Einnig er heimilt líta fram hjá framangreindri reglu þegar sótt er um styrk vegna aðkeyptrar utanaðkomandi þjónustu, t.a.m. sem hluta af skemmtanadagskrá hverfishátíðar.





10. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins rekstrarkostnaðar. Þó geta íbúasamtök sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð sótt um sérstakan árlegan rekstrarstyrk. Fjárhæð rekstrarstyrks skal taka mið af fjölda íbúa í hverfinu sem og stærð íbúasamtaka. Veittur skal rekstrarstyrkur að hámarki kr. 100.000 og að því gefnu að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt og gögn um þau fylgi umsókn um rekstrarstyrk:

- a. Að aðalfundur samtakanna sé sannarlega haldinn.
- b. Að stjórn sé skipuð með lögmætum hætti.
- c. Að reikningar íbúasamtaka séu lagðir fram og samþykktir á aðalfundi íbúasamtaka.

11. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrki til.

12. gr.

Umsækjendur sækja rafrænt um styrki úr sjóðnum á Mínar síður Reykjavíkurborgar. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

13. gr.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. Styrkþegi ber ábyrgð á að veita Reykjavíkurborg réttar upplýsingar um kennitölu og bankareikning í styrkumsókn svo að hægt sé að greiða styrkinn. Hafi samningur um úthlutun ekki verið undirritaður innan 14 daga frá því að hann barst styrkþega áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að fella styrkinn niður.





14. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins innan árs frá því að styrkur var veittur. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

15. gr.

Styrkþegar sem ekki hafa framkvæmt verkefni innan þeirra tímamarka sem ákveðin voru við styrkúthlutun geta lagt fram nýja tímaáætlun fyrir borgarráð til samþykktar. Aðeins verkefni sem til stendur að framkvæma í samræmi við styrkumsókn verða lögð fyrir borgarráð á grundvelli þessarar greinar.

16. gr.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum. .

Samþykkt í borgarráði 13. mars 2025



Reykjavík



Fylgiskjal með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar

Í samræmi við 3. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs Reykjavíkurborgar er skipting fjármagns úr sjóðnum á milli hverfa fyrir árið 2025 eftirfarandi, tekið er mið af íbúafjölda í upphafi ársins 2025.

Árbær og Norðlingaholt	940.000 kr.
Breiðholt	1.300.000 kr.
Grafarholt og Úlfarsárdalur	810.000 kr.
Grafarvogur	1.160.000 kr.
Háaleitis- og Bústaðahverfi	1.090.000 kr.
Miðborg*	930.000 kr.
Hlíðar	930.000 kr.
Kjalarnes	540.000 kr.
Laugardalur	1.200.000 kr.
Vesturbær	1.100.000 kr.

* Þá úthlutar Miðborgarsjóður til verkefna sem falla að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgarinnar.



Reykjavík